

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1980

4. janúar 1980.

1

Nr. 1.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 208 4. maí 1979
um verkleg próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ráðherra skipar þrjá menn í prófnefnd og þrjá til vara. Einn prófnefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu stjórnar Félags löggiltra endurskoðenda, einn eftir tilnefningu viðskiptadeildar Háskóla Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Skal hann vera löggiltur endurskoðandi. Varamaður hvers nefndarmanns skal skipaður á sama hátt og aðalmaður.

Nefndin skal skipuð til fimm ára í senn.

2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Við próf skulu gefnar einkunnir eftir sama einkunnastiga og notaður er í viðskiptadeild Háskóla Íslands, ein einkunn fyrir hverja prófraun.

Til þess að standast prófraun þarf prófmaður að hljóta einkunnina 6 í hverri prófraun og ekki lægri meðaleinkunn en 6,5 úr öllum prófraununum, miðað við núgildandi einkunnastiga (hæsta einkunn 10, lægsta einkunn 0), eða samsvarandi einkunnir eftir öðrum einkunnastigum.

3. gr.

Við 8. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður er orðist svo:

Þó skulu ákvæði 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 217/1953 um lágmarkseinkunn til að standast próf gilda um verkleg próf sem þreytt kunna að verða til ársloka 1980 í stað ákvæða 6. gr. reglugerðar þessarar.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 4. janúar 1980.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.

B 1